

Fimmti fundur skólaneftndar þann 21. febrúar á skrifstofu skólameistara kl. 16:30

Mættir: Dagbjört Jónsdóttir, S. Narfi Rúnarsson, Pétur Bergmann Árnason, Guðrún María Valgeirsdóttir, Alma Dröfn Benediktsdóttir, Sigurbjörn Árni Arngrímsson skólameistari og Ragna Heiðbjört Ingunnardóttir fulltrúi kennara.

Alma Dröfn Benediktsdóttir ritaði fundinn.

1. Uppgjör haustannar

Raunmæting í skólann var 89,2% og hefur bara einu sinni verið betri, haustið 2022, óútskýrð fjarvera var 6,6%, 2,8% fóru í veikindi og 1,0% í leyfi. Meðaleinkunn annarinnar var 7,29 og hefur líka bara einu sinni verið betri, haustið 2022. Meðalhópastærð var 19,6 nemendur að meðaltali. Brottfall úr áfanga var óvenju lágt eða 2,6% og einn nemandi hætti á önninni. Eiga nemendur hrós skilið fyrir frammistöðu sína.

Nefndin vill lýsa yfir ánægju sinni með góðan árangur.

2. Nemendafjöldi á vorönn

115 nemendur hófu nám við skólann á vorönn, þar af voru 84 nemendur á heimavist, 4 í framhaldsskóladeildinni á Vopnafirði, 4 voru utan vista og því voru 92 nemendur í dagskóla. 14 nemendur voru utan skóla og 9 nemendur úr grunnskóla stunduðu nám við skólann. Alls voru 7 nemendur á almennri braut, 38 á félagsvísindabraut, 23 á íþróttabraut, 31 á kjörnámsbraut (þ.m.t. allir grunnskólanemendurnir), 14 á náttúruvísindabraut, tveir nemendur voru bæði á íþrótt- og náttúruvísindabraut. Enginn nemandi hefur hætt á önninni.

Talsverður kynjamunur er, þannig voru 68 stúlkur skráðar í skólann og 47 drengir og á heimavist voru 56 stúlkur og 28 drengir.

3. Skólastarfið það sem af er vorönn

Eldri borgarar í Þingeyjarsveit komu í heimsókn í skólann 17. janúar og borðuðu hádegismat í boði skólans. Eftir matinn sagði Ragna íslenskukennari þeim frá vestur-íslensku áfanganum sem hún kenndi í haust sem og ferð þeirra hjóna á slóðir Vestur-Íslendinga síðastliðið sumar og var gerður góður rómur að.

Í lok janúar/byrjun febrúar veiktust þónokkrir nemendur og starfsmenn af Covid og raskaði það skólastarfi aðeins en þó minna en búast hefði mátt við.

Minningarstund var haldin 2. febrúar en þá var ár liðið frá því að Kristinn Aron Curtis Arnbjörnsson lést. Var núverandi nemendum og útskriftarhópi síðasta vors sem og þeim sem aðstoðuðu okkur fyrir ári síðan boðið að koma. Stundin var ljúfsár en heppnaðist vel og var boðið uppá kaffi á eftir. Í framhaldi af minningarstundinni kom Dr. Sigríður Þormar áfallasálfræðingur þann 16. febrúar til okkar og ræddi við nokkra starfsmenn.

Skólinn tók þátt í lífshlaupinu núna í febrúar, bæði nemendur og starfsmenn.

Leikritið Gauragangur á vegum leikdeildar UMF Eflingar var frumsýnt þann 10. febrúar en skólinn er í samstarfi við leikdeildina með sýninguna. Um 20 nemendur og nokkrir starfsmenn taka þátt í sýningunni og fara nemendur skólans með burðarhlutverkin í leikritinu auk þess að skipa hljómsveit leikritsins. Æfingar hófust í nóvember og svo var æft stíft á vorönninni fram að frumsýningu. Frumsýning sem og fyrstu sýningar hafa gengið vel, verið vel sóttar og standa nemendur sig afar vel í þessu starfi.

Að venju var gleði hjá nemendum í kringum ofurskálarleikinn. Kristján kokkur ásamt Hnikari íþróttakennara og skólameistara steiktu hamborgara ofan í nemendur um kl. 23 og svo horfðu nemendur á leikinn fram á nótt. Skólastarf hófst 11 daginn eftir.

Nemendur í leiklistarsögu fóru á söngleikinn Chicago þann 16. febrúar. Skólinn greiddi aðgangseyrinn fyrir þá og þeir skemmtu sér mjög vel.

4. Starfsmannamál á vorönn

Sigrún Aagot Ottósdóttir er komin í leyfi frá starfi skólaritara fram í lok mars 2024 og Sólborg Matthíasdóttir mun leysa hana af á meðan.

Birna Björnsdóttir kennari fór í tímabundið leyfi 1. febrúar. Sigurlaug L. Svavarsdóttir leysir hana af að hluta og aðrar afleysingar eru leystar innanhúss.

5. Tónkvísl

Vegna árekstra við söngkeppni sjónvarpsins þar sem framlag Íslands í Júrúvision söngkeppnina verður valið var ákveðið að færa Tónkvísl til 11. mars (frá 18. febrúar). Það hefur í för með sér að skólinn tekur ekki þátt í söngkeppni framhaldsskólanna í ár sem á að fara fram 1. apríl.

6. Samstarf um áfanga

Skólinn er í samstarfi við hina framhaldsskólana á Norðausturlandi um miðlunar og tækniáfanga. Hver skóli leggur til einn kennara sem kennir sem svara einni einingu og stunda nemendur allra skólanna nám í gegnum netið og í staðlotum. Þrír nemendur frá Laugum taka þennan áfanga á þessari önn og Hnikarr sér um kennsluna fyrir Laugaskóla. Hann er umsjónarmaður Tónkvíslar sem er að hluta til framlag skólans inn í þetta nám.

7. Skólakynningar

Skólinn tók þátt í sameiginlegri skólakynningu allra framhaldsskólanna á Norðausturlandi og fékkst styrkur í gegnum sóknaráætlun Norðurlands eystra í verkið fyrir tilstuðlan SSNE. Styrkurinn var/verður notaður til gerðar kynningarmynda og í auglýsingaherferð á meðan innritun í framhaldsskólana stendur. Laugaskóli er svo að skipuleggja sínar árlegu heimsóknir í skóla á Austurlandi og Suðurnesjum sem og skólaheimsóknir skólanna á Akureyri.

8. Fjármál

Uppgjör ársins 2022 liggur ekki fyrir að svo stöddu en ljóst er að hallinn verður mun minni en búist hafði verið við. Þegar fjárlög fyrir árið 2023 voru endanlega samþykkt kom í ljós að fjárframlög til skólans jukust. 15 m.kr. aukaframlag til fjárfestinga fékkst til þessa að laga umhverfið í kringum tjörnina og gera hana örugga. Auk þess jókst rekstrarframlag skólans um 5,3 m.kr. en áætlaðar sértekjur hans um 0,6 m.kr. og því jókst nettóframlagið um 4,7 m.kr. miðað við upphaflega fjárlagafrumvarpið.

9. Framkvæmdir

Stefnt er að breytingum í Dvergateins í vor og sumar, en unnið er að nánari útfærslu. Tröllsteinn ehf. ráðgerir að laga gólfefni og hurðir á öllum herbergjum efstu hæðar í Tröllasteini maí.

10. Næsti fundur skólanefndar

Næsti fundur er áætlaður 13. júní 2023.

11. Önnur mál